

Ögrum staðfestingarvillum

Hvernig tökumst við á við okkar eigin staðfestingarvillur?

Heilinn er fær í því að byggja á fyrri reynslu til þess að taka skjótar ákvarðanir. Þessi sjálfvirkni kemur sér oft vel en getur einnig leitt til ákveðinnar hlutdrægni. Staðfestingarvilla er tilhneiging heilans til að leita að upplýsingum sem staðfesta það sem við teljum okkur þegar vita. Séu nemendur meðvitaðir um þessa virkni heilans, eiga þau auðveldara með að meta efni sem á vegi þeirra verða, bera saman mismunandi sjónarmið og draga þar af leiðandi síður vafasamar ályktanir.

Markmið:

- Að skilgreina staðfestingarvillu og greina hvers vegna hún á sér stað.
- Að rýna í dæmi um staðfestingarvillu, sérstaklega í tengslum við fréttir og upplýsingar á netinu.
- Að finna aðferðir til að ögra eigin staðfestingarvillu.

Lykilhugtök:

Lærð hlutdrægni • staðfestingarvilla

Kennsluáætlun 45 mínútur.

Raunverulegt eða falsað?

15 mínútur

Í þessari kennslustund eiga nemendur að velja úr lista efnis á netinu sem þau munu nota til að kanna og greina efni kennslustundarinnar. Notið [Fordómar hugans - lausnir](#) til að meta efnið áður en hafist er handa við verkefnið. Ákveðið efni gæti hentað vissum nemendum umfram annað.

1.

Spyrjið: *Aðeins ein af þessum fréttum er sönn. Hver haldið þið að það sé (glæra 4)?*

1. „Japanir banna notkun örbylgjuofna fyrir árið 2024.“
2. „Nýr Iphone verður með innbyggt heilmýndar lyklaborð og skjávarpa.“
3. „Ástralir munu gera ráð fyrir 33 mismunandi kynjum í nýjum vegabréfum.“

2.

Bjóðið nemendum að tjá sig um hvað þeir telja að sé rétt. Líklega giska þeir á fyrirsögn númer tvö því hún virkar trúverðugust. Útskýrið að í raun séu allar fyrirsagnirnar rangar en sú númer tvö virkar trúverðug því hún passar best við það sem við þegar vitum sem er að iPhone-símar hafa oft ferskar tækninýjungar. Þetta köllum við **staðfestingarvillu (e. confirmation bias)**. Það er tilhneiging heilans til að túlka upplýsingar á þann hátt að þær staðfesti það sem við teljum okkur þegar vita (glæra 5). [Sjá einnig Íðorðabankann.](#)

3.

Segið: Við ætlum nú að horfa á stutt myndband þar sem þetta er útskýrt nánar. Myndbandið fjallar um staðfestingarvillu, ásamt nokkru sem kallast lærð hlutdrægni. **Lærð hlutdrægni (e. cognitive bias)** er takmörkun í hugsun okkar sem stafar af því að við skynjum upplýsingar í gegnum okkar eigin reynslu og skoðanir (glæra 6).

Sýnið myndbandið á **glæru 7** [Why Do Our Brains Love Fake News? Er líka hér.](#) Biðjið nemendur að hugleiða spurninguna á meðan þau horfa.

4.

Biðjið nemendur að deila hugleiðingum sínum. Dæmi um svör sem gætu komið fram:

- Það er erfitt að skipta um skoðun þegar við höfum dregið ályktanir um eitthvað. Það þarf meira en staðreyndir til þess.
- Heilinn forgangsraðar tilfinningum fram yfir skynsemi þegar hann metur upplýsingar frá einhverjum sem okkur líkar við eða við styðjum.
- Heilinn reynir að vernda tengsl okkar við „hópinn okkar“ með því að efast um hugmyndir sem „hópurinn“ gæti hafnað.

5.

Spyrjið: Hvaða lausnir á staðfestingarvillum komu fram í myndbandinu?

Bjóðið nemendum að svara. Svörin geta falið í sér:

- **Að viðurkenna** eigin staðfestingarvillu þegar hún á sér stað.
- **Að íhuga** að skilningur okkar sé ekki alltaf eins djúpur og við höldum.
- **Að rannsaka** og kryfja sjónarmið þeirra sem við erum ekki sammála (glæra 8).

Fordómar hugans

15 mínútur

1.

Skiptið nemendum í hópa. Dreifið verkefninu [Fordómar hugans](#). Látið nemendur lesa fyrirmæli fyrir 1. hluta (**glæra 9**).

2.

Gefið nemendum 10 mínútur til þess að ljúka 1. hluta þar sem þau meta efni, skrá niður punkta og ræða við félagasína í hópnum.

3.

Þjóðið nemendum að deila helstu niðurstöðum og svarið spurningum ef einhverjar hafa vaknað (**glæra 10**). Notið [Fordómar hugans - lausnir](#) til stuðning við umræður. Skráið punkta (**glæra 11**).

Ögrum staðfestingarvillum

15 mínútur

1.

Beinið nemendum að 2. hluta verkefnisins og lesið fyrirmælin upphátt (**glæra 12**).

2.

Gefið nemendum 10 mínútur til þess að vinna sjálfstætt eða saman í hópum og ljúka 2. hluta. (Sjá hugmyndir í [Fordómar hugans - lausnir](#)).

3.

Nemendur deila svörum sínum og aðrir sýna með þumli (upp eða niður) hvort þau gætu hugsað sér að nýta þær hugmyndir sem koma fram.